

Mál nr. 78/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. sjúklingatryggingar L-1
vátryggingafélagið V-2 v. sjúklingatryggingar L-2.

Ágreiningur um uppgjör bóta úr sjúklingatryggingu vegna tjónsatviks 31.10.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 16.3.2016 ásamt fylgiskjölum 1-23
2. Bréf V-1 dags. 3.4.2016
3. Bréf V-2 dags. 4.4.2016

Málsatvik.

M fór í krossbandsaðgerð á vinstra hné 31.10.2007 og krafðist bóta úr sjúklingatryggingu. Vátryggingafélögin sem aðild eiga að þessu máli samþykktu að standa að mati á því tjóni sem M hefði orðið fyrir við aðgerðina og afleiðingum þess. Matsgerð matsmanna er dagsett þ. 14.12.2015 og greiddu V-1 og V-2 bótakröfu í samræmi við niðurstöðu matsgerðarinnar. Lögmenn M gerðu síðan kröfu um að M fengi greiddan útlagðan kostnað og samþykktu vátryggingafélögin að greiða fyrir örorkumatið og útlagðan kostnað M vegna örorkumats þ.m.t. flugferðir til og frá Íslandi. Félögin féllust hins vegar ekki á að greiða annan útlagðan kostnað M og telja hluta hans fyrndan og hluti kostnaðarins þ.e. aðgerðir vegna lærvöðvaáverka, sem kom fram árið 2009 sé ekki afleiðing sjúklingatryggingaratburðarins. V-1 og V-2 segja ágreining í málinu varða annars vegar fjárhæðir bóta fyrir lögmanskostnað og vísa til 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum og telja að sá ágreiningur verði ekki borin undir nefndina nema með samþykki félaganna. Í öðru lagi áréttu bæði félögin að ágreiningur um greiðslu útlagðs kostnaðar vegna viðgerða á lærvöðva, telji þau ekki afleiðingar af sjúklingatryggingaratburðinum þ. 31.10.2007 sbr. matsgerð þá sem vísað er til hér að framan. Þá vísa félögin til 19. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingar þar sem kveðið er á um að kröfur skv. sjúklingatryggingu fyrnist á 4 árum og því ljóst að kostnaðurinn sem ágreiningur er um sé fyrndur. M segir að athugasemdir varðandi lögmansþóknun eigi ekki við þar sem að örorkumatsfundir hafi verið tveir með meira en árs millibili auk geðmats. Rétt sé því að greiða kostnað vegna a.m.k. tveggja matsferla og krafa hans sé á því byggð að M fái greitt fyrir bæði ferlin.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um greiðslu kostnaðar vegna bótaskylds atburðar í sjúklingatryggingu sem bæði vátryggingafélög, V-1 og V-2, hafa greitt bætur vegna. Annars vegar er ágreiningur um fjárhæð lögmansþóknunar og hins vegar um greiðslu sjúkrakostnaðar vegna aðgerða sem M gekkst undir eftir hinn bótaskylda atburð.

Í 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005, kemur eftirfarandi fram um starfssvið nefndarinnar:

„Nefndin úrskurðar um ágreining varðandi bótaskylda, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining, sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Nefndin úrskurðar um bótaffárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila.“

Í þessu máli er ágreiningur um greiðslu kostnaðar M vegna málsins. Verður ekki hjá því komist að líta svo á að ágreiningur um greiðslu hans sé fyrst og fremst ágreiningur um bótafjárhæð, en í váttryggingafélögin hafa greitt bætur að hluta vegna lögmanskostnaðar og ætla má að þau hafi einnig greitt sjúkrakostnað að hluta. Krafa M um frekari greiðslu kostnaðar er því ágreiningur um fjárhæð bóta og þarf því, með vísan til fyrrnefndrar 3. gr., sérstakt samþykki váttryggingafélaga sem eiga í hlut, ef úrskurðarnefnd í váttryggingamálum á að fjalla um slíkan ágreining. Í gögnum málsins kemur fram að hvorugt váttryggingafélaganna gefur slíkt samþykki. Verður því ekki hjá því komist að vísa málinu frá og ekki fjallað frekar um það efnislega.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá með vísan til 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005.

Reykjavík 3.5.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.